

GARÐABÆR

GÁLGAHRAUN OG GARÐAHRAUN NEÐRA

FYRIRHUGUÐ VINNA VIÐ DEILISKIPULAG

SKIPULAGSLÝSING

LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI

Samkvæmt 40. Grein skipulagslaga nr. 123/2010



15.04. 2019

Unnið fyrir Garðabæ



Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Aðdragandi, forsendur og viðfangsefni.....	3
3. Afmörkun skipulagssvæðis	4
4. Fyrirliggjandi stefna	5
4.0 Landskipulagsstefna	5
4.1 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.....	5
4.2 Aðalskipulag Garðabæjar	6
4.2.1. Landnotkun.....	7
4.2.2 Stígar.....	7
4.2.2 Minjavernd	8
4.2.3 Umhverfisskýrsla	8
4.3 Umhverfisstefna Garðabæjar	8
4.4 Friðlýsing skipulagsákvæði	9
5. Staðhættir- náttúrufar.....	10
6. Minjar	11
7. Umhverfisskýrsla	14
8. Kynning og samráð	14
8. Ferli verkefnisins.....	14
10. Samþykkt lýsingar.....	15

1. Inngangur

DLD ehf vinnur að deiliskipulagi Gálgahrauns og Garðahrauns neðra sem eru friðlýst svæði og hluti af fólkvangi, sem nær frá Búrfellsgjá í Heiðmörk að Gálgahrauni við Lambhúsatjörn í Skerjafirði. Samkvæmt 40. grein skipulagslaga nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem skýrt er hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

Dagný Bjarnadóttir landslagsarkitekt Fíla hjá DLD ehf mun sjá um skipulagsgerðina og tengiliður verkefnisins hjá Garðabæ eru Arinbjörn Vilhjálmsson og Sólveig Helga Jóhannsdóttir.

2. Aðdragandi, forsendur og viðfangsefni

Garðabær hefur sett af stað vinnu við tvö deiliskipulög friðlýstra svæða annars vegar Gálgahraun -og Garðahraun neðra og hins vegar Garðahraun efra, hvorug svæðin hafa áður verið deiliskipulögð. Skipulagslýsing sú sem hér er rituð á einungis við um Gálgahraun -og Garðahraun neðra.

Gálga –og Garðahraun neðra mynda samfelld svæði sem afmarkast af Álfanesvegi og Hraunsholtsbraut að strandlengjunni við Skerjafjörð og Lambhúsatjörn. Svæðið er hluti af fólkvangi og nánast samfelldri hraunbreiðu með upptök í Búrfellselfelli. Í friðlýsingu Gálgahrauns segir: „Markmiðið með friðlýsingu Gálgahrauns er að vernda nyrsta hluta Búrfellshrauns, þann hluta hraunsins sem runnið hefur í sjó fram, bæði vegna jarðmyndana og lífríkis. Markmið friðlýsingarinnar er jafnframt að varðveita Gálgahraun sem vettvang náttúruskoðunar og fræðslu um ókomna tíð.“

Svæðið er einnig hlaðið sögulegum minjum með fornum leiðum eins og Fógetastíg, Sakamannastíg og aftökustaðnum Gálgakletti sem dæmi. Svæðið státar líka einstöku lífríki ekki síst við strandlengjuna, með sjávarfitjar og hraun sem gengur fram í sjó. Merkilegar nytjar voru stundaðar á þessu svæði m.a. sótt þang til brennslu og marhálmur þurrkaðar og nýttur til húsaeinangrunar, auk þess sem fjörubeit var stunduð allt árið.

Sem nýrri menningarminjar má einnig nefna að Kjarval málaði mikið af sínum hraunmyndum í Gálgahrauni og ef vel er að gáð má finna málningaslettur á steinum á ákveðnum stöðum.

Fuglalíf er einnig nokkuð og má nefna að fastur viðkomustaður Margæsar er á Eskinesi.

Malbikaður stofnstígur liggur meðfram Hraunsholtsbraut og stikuð hefur verið leið meðfram ströndinni en annars eru ekki merktir slóðar á svæðinu. Sumar hinna fornu leiða eru mjög skýrar á köflum, en verða óljósari sumstaðar. Nokkrir nýrri slóðar hafa myndast í gegnum hraunið og sum staðar hafa myndast mörg för í átt að sama slóða.

Megin markmið deiliskipulagsins er að vernda jarðminjar, gróðurfar og fuglalíf, samhliða því að stýra aðgengi um hraunið og veita fræðslu um náttúrufar og menningarminjar á svæðinu. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að tengja saman göngu -og hjólaleið frá Álfanesi að megin leiðum í gegnum Sjálandshverfi í átt til Reykjavíkur.

Einnig er gert ráð fyrir að útfærðir verði útivistarstígar og skoðað hvernig best sé að leysa aðgengi um hraunið með mismunandi stígagerð í þeim tilgangi að fyrirbyggja að margir ómarkvissir slóðar myndist um hraunið. Í deiliskipulagi verður ákvarðað nánar um yfirborðsefni og útfærslu stíga. Ekki er gert ráð fyrir að stígar séu lýstir, nema mögulega megin hjóla-og gönguleið og verður það ákvarðað í deiliskipulagsferlinu.

Einnig verða áningarstaðir staðsettir og lagt til hvar mismunandi fræðsluskiltum verður komið fyrir. Sögulegir slóðar verða merktir og stikaðir og fræðsla um þá komið fyrir á völdum stöðum. Einnig er gert ráð fyrir að gera færslu „Ófeigskirkju“ skil, en við gerð Álfanesvegur var steinn færður úr

götustæðinu í samkomulagi við huldheima. Gert er ráð fyrir að skapa aðgengi að steininum og setja upp fræðsluskilti á svokölluðu „Sáttatorgi“ um tilurð færslunnar.

Skoðað verður hvort lending fyrir kajaka sé möguleg jafnvel á tveimur stöðum austan og vestan megin við friðlýsingarmörkin.

Gert er ráð fyrir að bílastæði verði leyst utan við friðlýsingarmörkin, en gera má ráð fyrir að hægt verði að nálgast svæðið á bíl frá þremur mismunandi stöðum.

Ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar til að meta núverandi aðsókn að svæðinu eða til að áætla mögulega aukningu að breytingum loknum, en reiknað er með að svæðið sé fyrst og fremst að þjóna íbúum Garðabæjar og nágrennis.

Ekki er gert ráð fyrir salernisaðstöðu eða annarri mannvirkjagerð í formi bygginga á svæðinu.

3. Afmörkun skipulagssvæðis

Deiliskipulagsmörkin ná utan um friðlýstu svæðin í Gálga -og Garðahrauni neðra og ásamt svæði sem liggur á milli þeirra auk aðkomusvæða er liggja að þeim. Friðlýsta svæðið í Gálgahrauni er um 108,15 hektarar og Garðahraun neðra er 19,8 hektarar. Mörk hins friðlýsta svæðis í Gálgahrauni eru að norðanverðu frá eignarlandi Selskarðs, norðurströnd Gálgahrauns meðfram mörkum verndarsvæðis Skerjafjarðar að deiliskipulagssvæði Sjálandshverfis. Að sunnanverðu eru mörkin veghelgunarsvæði Álftanesvegar. Garðahraun neðra afmarkast af veghelgunarsvæði Álftanesvegar og Hraunsholtsbrautar en á milli friðlýsingarsvæðanna er hverfisverndað svæði sem í eldra aðalskipulagi var veghelgunarsvæði Vífilstaðavegar.



Gálga -og Garðahraun neðra friðlýsingarmörk og afmörkun deiliskipulags.

Nærliggjandi deiliskipulög voru samþykkt hjá Skipulagsstofnun;
Hraunsholt Ásar, samþykkt 10.12.1997, Sjálandshverfi, samþykkt 18.03.2004 og
Garðahraun, samþykkt 15.05.2003

4. Fyrirliggjandi stefna

4.0 Landskipulagsstefna

Skipulag svæðisins mun falla að markmiðum landskipulagsstefnu en þar segir m.a í kafla 3.3 Gæði hins byggða umhverfis; Skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi og að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Jafnframt verði stuðlað að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru.

Í kafla 3.3.1 Gæði byggðar og bæjarrýma segir; *Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði sérstaklega hugað að gæðum hins byggða umhverfis og sett fram stefna og ákvæði um mælikvarða byggðar, byggðamynstur og samspil byggðar, bæjarrýma og ferðamáta. Einnig verði sérstaklega hugað að almenningsrýmum og útivistarsvæðum með það að markmiði að hvetja til útiveru og hreyfingar, matjurtaræktunar og náttúruupplifunar og varðveita verðmæt náttúrusvæði. Jafnframt verði tekið tillit til sögulegs samhengis í þróun byggðar og menningararfurinn nýttur til að styrkja sérkenni og staðaranda.*

4.1 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Í þriðja kafla svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, sem samþykkt var þann 14. Júlí 2015, er sett fram stefna um „Höfuðborgarsvæðið árið 2040“ og lögð fram fimm leiðarljós til að fylgja þeim eftir. Leiðarljós 4 fjallar um heilnæmt umhverfi og heilbrigt líf:

Í formála að kaflanum segir:

Vefur útivistarsvæða gefur fólki kost á reglulegri hreyfingu í daglegum athöfnum og endurnæringu í frítíma. Grænir geirar draga fram sérkenni landslags og tengja bláþráð strandlengjunnar og Grænan trefil í jaðri borgarbyggðar.

Hreint loft, ómengað drykkjarvatn, nálægð við útivistarsvæði og náttúrulegt umhverfi eru undirstaða þeirra lífsgæða sem felast í að búa á höfuðborgarsvæðinu og marka sérstöðu svæðisins umfram önnur borgarsvæði. Mikilvægt er að vernda óskert náttúrusvæði og tryggja að aukin ásókn skerði ekki verndargildi.

Áhersla er lögð á að byggðin taki mið af sérkennum landslags sem vefur útivistarsvæða byggist á. Ár, lækir, hraunjaðrar og umhverfi þeirra mynda samhangandi svæði um dali og drög í landi og tryggja leiðir um byggðina frá fjöru til heiða. Strandlengja höfuðborgarsvæðisins verður eins og kostur er gerð aðgengileg. Um ströndina og önnur útivistarsvæði liggur net stíga sem gefur möguleika á umhverfisvænum og heilnæmum ferðamátum um samfelldar leiðir milli sveitar - félaga og borgarhluta. Mikilvægt er að tryggja gott aðgengi að fjölbreyttum strandsvæðum og greiðfæra leið milli þeirra og Græna trefilsins.

Eftirfarandi markmið, sem endurspeglar leiðarljós 4, eru sett fram sem stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040:


1. Íbúar höfuðborgarsvæðisins eiga aðgang að fjölbreyttum útivistarsvæðum sem hvetja til reglulegrar hreyfingar, náttúruupplifunar og jákvæðra, félagslegra samskipta.

2. Náttúruverndarsvæði eins og fólkvangar, friðlýst svæði, náttúruvætti, hverfisverndarsvæði og svæði á náttúrumínjaskrá skapa höfuðborgarsvæðinu sérstöðu og gegna mikilvægu fræðslu- og útivistarhlutverki.
3. Tækifæri til útivistar og ferðapjónustu innan fólkvanga og fjallahrings höfuðborgarsvæðisins verða nýtt frekar. Hugað verður að samræmdri yfirstjórn og aðgerðum til að tryggja að not ólíkra hópa geti farið saman.
4. Á höfuðborgarsvæðinu verði ávallt nægt framboð af hreinu ómeðhöndluðu drykkjarvatni með markvissri vernd vatnsbóla og aukinni samræmingu við nýtingu auðlindarinnar.

Samkvæmt svæðisskipulaginu er Garðahraun neðra og Gálgahraun, hluti af samhangandi grænum geira sem nær frá ströndinni að Græna treflinum, sem er sameiginlegt og samfelld útivistarsvæði við efri jaðar höfuðborgarsvæðisins. Gert er ráð fyrir að í gegnum Græna trefilinn liggi Græni stígur samfelldur göngu -og hjólastígur sem tengir öll sveitafélögin saman. En þess má einnig geta að samfelld reiðleiðanet liggur einnig á milli sveitafélaga.

4.2 Aðalskipulag Garðabæjar

Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 var samþykkt 8. Febrúar 2018. Gildandi aðalskipulag er forsenda



vinnu við deiliskipulag og mun deiliskipulag Gálga -og Garðahrauns neðra verði í samræmi við markmið og skilmála þess.

Gálga-hraun og Garðahraun neðra - úr aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030

Áherslupættir við gerð aðalskipulagsins snúa m.a. að umhverfi og sambýli íbúa við náttúruna, þar má nefna þessar áherslur:

- Garðabær verði í fararbroddi um skipulag byggðar og verndun umhverfis og náttúru þannig að Garðabær sé eftirsóttur til búsetu sem vistvænn bær með aðlaðandi umhverfi.
- Græn svæði, útivistarsvæði og leiksvæði innan byggðar.
- Góð tengsl byggðar við umhverfi og náttúru.
- Stígakerfi tryggi góðar göngu- og hjólaleiðir milli hverfa, skólasvæða og annarra áfangastaða í bænum og upplandinu.
- Skipulag byggðar og umhverfis stuðli að sjálfbærri þróun samfélagsins og skapi skilyrði til sambýlis íbúa og náttúru í góðrisátt hvort við annað.
- Lagt verði kapp á að viðhalda náttúrulegri fjölbreytni lífríkis. Við allar framkvæmdir á vegum Garðabæjar verði röskun á náttúru og lífríki takmörkuð eins og kostur er.

4.2.1. Landnotkun

Deiliskipulagið afmarkast af mörkum friðlandanna tveggja auk aðkomusvæða, meginlandnotkun er því einn flokkur þ.e friðlýst svæði. Á milli þeirra liggur hverfisverndað svæði sem í eldra skipulagi var veghelgunarsvæði.

Um takmörkun á landnotkun og verndarákvæði friðlýstra svæða segir í aðalskipulagi; Þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum vegna framkvæmda þarf leyfi Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar, sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Einnig þarf að leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði náttúruminum á náttúruminjaskrá. Ákvarðanir um deiliskipulag og framkvæmdir á verndarsvæðum verða ekki teknar fyrr en umsögn Náttúrufræðistofnunar Ísland liggur fyrir og gengið hefur verið úr skugga um samræmi áformaðrar landnýtingar við verndarákvæði viðkomandi svæðis.

Gálga -og Garðahraun neðra fellur undir A -hluta í Náttúruminjaskrá, sem er skilgreindur sem Skrá yfir friðlýst svæði flokkuð eftir friðlýsingarflokkum. (sjá einnig kafla 4.5 Friðlýsing skipulagsákvæði)

4.2.2 Stígar

Stígar í aðalskipulagi eru flokkaðir í fjóra flokka, stofnstíga, tengistíga, útivistarstíga og reiðstíga. Frágangur stíga er mismunandi eftir hlutverki þeirra. Í greinargerð með aðalskipulagi segir einnig; *Auk umferðar á hinum hefðbundnu stígum er heimil umferð gangandi um allar fjörur bæjarlandsins og við vötn og læki, þótt þar séu ekki uppbyggðir eða merktir stígar.*

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að í gegnum friðlöndin í Gálga -og Garðahrauni neðra liggi stofnstígar, rauðar slitnar línur og einn tengistígur, blá slitin lína, ásamt útivistarstígum gul slitin lína, sjá meðfylgjandi mynd úr aðalskipulagi. Nú þegar er búið að leggja stofnstíginn að austanverðu meðfram Garðahrauni neðra.

Í nánari lýsingu á gerð stíganna segir; *Stofnstígar eru megin göngu- og hjólaleiðir sem mynda samhangandi net sem tengir meðal annars saman hverfi bæjarins, skólasvæði og stígakerfi nágrannasveitarfélaganna. Stígarnir eru yfirleitt malbikaðir allt að 3 m breiðir, raflýstir og merktir þannig að auðvelt er að átta sig á hlutverki þeirra. Þverun yfir stofn- og tengibrautir er að jafnaði um göng eða á brúm. Hlutar stofnstíga eru skilgreindir sem samgöngustígar, sem hafa það hlutverk að fólki komist á milli nauðsynlegra áfangastaða á sem stystum tíma á öllum árstímum.*

Um tengistíga segir; *tengistígar tengjast stofnstígum. Þeir eru að jafnaði malbikaðir allt að 3 m að breidd og raflýstir og láglýstir eftir aðstæðum. Stígarnir liggja um opin svæði og innan hverfa. Taka þarf tillit til staðhátta um útfærslu, s.s. hvað varðar breidd og lýsingu, til dæmis þar sem þeir liggja um hverfisvernduð svæði.*

Um Útivistarstíga segir; *Útivistarstígar liggja um ýmis viðkvæm svæði og stuðla þeir að náttúruvernd með því að beina umferð eftir fyrir fram ákveðnum leiðum. Þeir eru að jafnaði malarstígar, geta verið stíkaðir en laga sig þó ætíð að staðhátum. Gert er ráð fyrir að útivistarstígar verði lagðir um verndarsvæði. Gerð þeirra og útfærsla ákvarðast nánar í deiliskipulagi.*

Nánari lega og útfærsla samkvæmt aðalskipulagi ákvarðast í deiliskipulagi.

4.2.2 Minjavernd

Heildarskráning minja á aðalskipulagsstigi liggur fyrir í Garðabæ en einnig hefur verið unnin nákvæmari skráning fyrir Gálga -og Garðahraun neðra vegna deiliskipulagsvinnunnar. Sjá einnig kafla 6. Minjar.

4.2.3 Umhverfisskýrsla

Endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Markmið laganna er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð.

Í heildarniðurstöður umhverfismats skipulagsáætlana segir um í kafla um umhverfi; *Stefnan leggur áherslu á verndun verðmætra svæða og betri nýtingu útivistarsvæða. Stefnt er að bættum tengingum milli íbúðarsvæða og útivistarsvæða í bænum. Jafnframt verður leitast við að auka gildi svæðanna með því að halda áfram vinnu við frekari verndun svæða og í leiðinni að bæta aðgengi að svæðum. Engin breyting er á landnotkun frá gildandi aðalskipulagi, heldur hafa landnotkunarflákar einungis verið aðlagðar að nýjum skilgreiningum skv. skipulagsreglugerð. Matið gefur þá niðurstöðu að stefnan nái fram góðu jafnvægi milli verndunar og nýtingar umhverfis og náttúru og er því metið að áhrif stefnunnar á umhverfi séu talsvert jákvæð.*

4.3 Umhverfisstefna Garðabæjar

Auk stefnumörkunar í aðalskipulagi hefur verið mótuð umhverfisstefna Garðabæjar.

Umhverfisnefnd Garðabæjar gaf út umhverfisstefnu árið 2017, þar sem markmið eru sett fram og leiðir til að ná þeim skilgreindar. Í kaflanum um verndun lífríkis, náttúru -og söguminja, er m.a. fjallað um mikilvægi þess að rannsaka lífríki og vistkerfi og skrá og gera aðgengileg gögn um þau, sem nýtist í skipulagsvinnu ásamt því að upplýsa stjórnendur bæjarins og almenning.


4.4 Friðlýsing skipulagsákvæði

Gálgahraun er friðlýst sem friðland í samræmi við 1. tl. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Í friðlýsingunni segir; „Verndargildi svæðisins byggir m.a. á því að verndarsvæðið í Gálgahrauni er á þessu svæði að mestu ósnortið. Þar sem hraunjaðarinn nær í sjó fram hefur rof máttur úthafsöldunnar verið lítill í innvíkunum Arnarnesvogi og Lambhúsatjörn og er hraunið því að mestu eins og þegar það rann. Forsendur friðlýsingarinnar eru jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf og menningarminjar, en í hrauninu er m.a. forn gata, Fógetagata og forn aftökustaður, Gálgaklettur, sem hraunið dregur nafn sitt af. Við ákvörðun um friðlýsinguna var höfð hliðsjón af samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979) sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993, samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeró 1992) sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995 og samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971) sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978.“

Í auglýsingu um friðlýsingu Gálgahrauns segir einnig :

„Markmiðið með friðlýsingu Gálgahrauns er að vernda nyrsta hluta Búrfellshrauns, þann hluta hraunsins sem runnið hefur í sjó fram, bæði vegna jarðmyndana og lífríkis. Markmið friðlýsingarinnar er jafnframt að varðveita Gálgahraun sem vettvang náttúruskoðunar og fræðslu um ókomna tíð“


Garðahraun neðra er hluti af stofnun fólkvangs sem er „útivistarsvæði í þéttbýli, þar sem jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf og menningarminjar, m.a. fornar rústir eru verndaðar. Með friðlýsingunni er verið að efla lífsgæði í sveitafélaginu með því að tryggja möguleika til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu í náttúrulegu umhverfi.“



Afmörkun friðlands í Gálgahrauni

Í friðlýsingunni kemur m.a fram :

5.gr Verndun gróðurs og dýralífs. Vernda skal náttúrulegt gróðurfar og skapa skilyrði til náttúrulegrar endurnýjunar staðargróðurs með það að markmiði að ekki verði raskað líffræðilegri fjölbreytni svæðisins. Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum á verndarsvæðinu þ.m.t. rækta framandi plöntutegundir í friðlandinu sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Ekki er gert ráð fyrir gróðursetningu trjáplantna eða notkunar áburðar og á hraunsvæðum í friðlandinu er óheimilt að trufla dýralíf.



6.gr Verndun jarðmyndana. Allt rask á jarðmyndunum, þ.m.t. hraunmyndunum er óheimilt í friðlandinu. Allar framkvæmdir sem heimilaðar verða skv. 11. gr. þessarar auglýsingar skulu miðast við að halda markmiðum friðlýsingarinnar og vernda jarðmyndanir.

7.gr Verndun menningarminja. Verndun menningarminja í friðlandinu, svo sem Gálgakletts og Fógetagötu er í samræmi við þjóðminjalög, nr. 107/2001.

8.gr Landnotkun og mannvirkjagerð. Leyfi Umhverfisstofnunar og Garðabæjar þarf til framkvæmda í friðlandinu þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Þó eru, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, heimilar nauðsynlegar aðgerðir til verndar svæðisins, náttúruskoðunar og umhverfisfræðslu, t.d. lagning stíga, uppsetning fræðsluskilta og annar búnaður í þágu útivistar þar sem því verður við komið. Í verndaráætlun er nánari útfærsla á framkvæmdum innan friðlandsins í þágu útivistar og fræðslu sett fram. Áður en ráðist verður í mannvirkjagerð innan friðlandsins skal deiliskipuleggja fyrirhugað framkvæmdasvæði.

5. Staðhættir- náttúrufar

Ekki hefur sérstök úttekt á gróðurfari verið gerð fyrir Gálga -og Garðahraun neðra en hraunsvæðið einkennist af Mosahraunavist eða Moseþembum, en einkenni gróðurgerðarinnar er samkvæmt Náttúrufræðistofnunar Íslands þessi; *Moseþembur eru algengar í hraunum en einnig hátt til fjalla. Háplöntur vaxa strjált í mosanum en dæmi um tegundir eru stinnastör, vinglar, língresi, þursaskegg, móasef, víðir, grasvíðir, krækilyng, bláberjalyng, beitilyng, geldingahnappur og kornsúra.*

Einstaka birki og reynitré eru í hrauninu sem eru sjálfsprottin.

Svæðið státar líka einstöku lífríki ekki síst við strandlengjuna, með sjávarfitjar og hraun sem gengur fram í sjó.

Skerjafjörður þar með Lamhúsatjörn meðfram skipulagssvæðinu er friðlýst sem búsvæði skv.3.tl.

53.gr og 54. gr laga um náttúruvernd, nr 44/1999

Fjörur og leirur svæðisins eru lífríkar, þar eru miklar þangfjörur og grunnsævi er með auðugu botndýralífi. Marhálmur er algeng planta á Skerjafjarðarsvæðinu, en hefur annars takmarkaða útbreiðslu hér á landi, hún er ein af aðal fæðutegundum margæsar.

Í fuglatalningu frá árinu 1999 í Gálgahrauni voru skráðar 31 tegund fugla frá fjöru og inn í hraun.

Skýrslan var gerð af Jóhanni Óla Hilmarssynu vegna fyrirhugaðs vegstæðis Álftanesveggar.

Í skýrslunni kemur m.a fram að Fjörur Lambhúsatjarnar og tjörninn sjálf sem telst votlendi samkvæmt skilgreiningu Ramsar -sáttmála, eru á Náttúruminjaskrá, Skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA) og Votlendisskrá. Lambhúsatjörn og fjaran er því afar mikilvægt svæði fyrir fugla.

Eskines er einn af viðkomustöðum margæsar sem telst til svokallaðra umferðafugla eða fargesta sem stoppa við á leið sinni til og frá norðlægum varpslóðum, en mikill fjöldi slíkra fugla koma við á Álftanesinu.

Gæsirnar fylla sig orku fyrir næsta áfanga, sækja sér æti bæði á sjó (marhálmur), í fjörum (fitjungur) og á tún (túngresi).

Rauðbrýstingur er einnig algengur fargestur á svæðinu.

Eins og fram kemur í skipulagsákvæðum friðlýsingar Gálgahrauns, einkennist svæðið af merkjum hraunmyndunum sem eiga upptök sín í Búrfellselfeldstöðinni og talin um 8000 ára gömul. Hraunið er stórbrótið apalhraun og er meðal þykkt þess talinn vera um og yfir 20 metrar.

Gálgahraun er kennt við háan klofinn hraundranga Gálgaklett, sem eins og nafnið gefur til kynna var aftökustaður fyrr á tímum. Hraunið er mjög sérstakt útlits, bæði úfið og hrikalegt. Talið er að glóandi hraunstraumur hafi runnið út á mýrlendi sem þarna hefur verið, suður af Lambhúsatjörn, og vatnsgufurnar hafi sprengt það allt sundur, gert í það gíga og stórar gjár, en hrúgað upp röðlum og klettum á öðrum stöðum. Í Gálgahauni leynist að minnsta kosti einn hellir.

Í deiliskipulagi verður skoðað eftir fremsta megni hvort plöntur og fuglar séu á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands.



6. Minjar

Fornleifaskráning fyrir Gálgahraun og Garðahraun efra var framkvæmd af Antikva ehf árið 2018, af Ragnheiði Traustadóttur, Margréti Valmundsdóttur og Ómari Smára Ármannssyni.

Í inngangi segir m.a ; *Á umræddu svæði er að finna fornar leiðir, rétt, skjól, naust, byrgi, aðhald og garða. Minjarnar einkennast af fjárbúskap og eru flest mannvirkin við hraunbrúnina næst bænum*

Görðum. Minjar á Eskinesi og þar í kring eru sjóminjar. Leiðir liggja síðan yfir hraunið sjálft en yfir Gálga-og Garðahraun er þétt riðið samgöngunet. Svæðið er mikið útivistarsvæði og víða má sjá leiðir sem hafa myndast á seinni tíma oft á milli fornra leiða en einnig hefur bætt í fornar leiðir og þær orðið sýnilegri. Allar leiðir voru mældar upp.

Í kaflanum um tilgang fornleifaskráningar segir m.a á bls 11; Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útivistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Í samantekt og niðurstöðum fornleifaskráningarinnar, segir m.a „ Fógetastígur er hin forna alfaraleið frá Reykjavík á Álfanes og lá yfir Gálgahraun rétt fyrir sunnan Hrauntangaflöt yfir í Hraunsholt við Hraunsvík. Greinist hann þar í tvo slóða og hefur annar suðvestlæga stefnu nokkurn veginn á holtSENDANN. Eru þar djúpir troðningar og hófför í klöppum. Hinn slóðinn nefnist Garðagata og liggur um Garðaholt frá Görðum inn á Garðahraun við Garðastekk. Frá Fógetastíg liggja aðrar fornar leiðir. Móslóði tengist honum nyrst þar sem hann kemur inn á Garðahraun og liggur í suðlæga stefnu áleiðis að Engidalshrauni. Skamannastígur liggur frá Fógetastíg með Lambhúsatjörn að Gálgaklettum. Fógetastígur er mjög sérstæð og óvenjuleg fornleif. Hún getur engan veginn talist greiðfær fyrir hesta, en engu að síður ber hún vitni um mikla umferð á þessari leið um aldir. Gatan er enn þann dag í dag skemmtileg gönguleið og ótvírætt varðveislugildi.“

Í deiliskipulaginu er stefnt að því að fræða um bæði fornar leiðir á svæðinu og búsetuminjar, markverða búsetuhætti ásamt almennri fræðslu um náttúru og dýralíf. Stafrænn hnitagrunnur sem fylgir fornleifa skráningunni verður nýttur við deiliskipulagsgerðina.

Á meðfylgjandi kortum má sjá þá slóða sem skráðir voru í fornleifaskráningunni, örnefni og minjar.



Örnefni og fornar leiðir

Fornleifaskráning - Antikva ehf skráning: Ragnheiður Traustadóttir ofl



Örnefnakort og fornleifar- Antikva ehf skráning: Ragnheiður Traustadóttir

7. Umhverfisskýrsla

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög nr.105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem deiliskipulagið mun ekki fela í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Aftur á móti verður lýsing þessi, er fjallar um áhrif þess á umhverfið, lögð fyrir við upphaf vinnu við deiliskipulag í samræmi við skipulagslög nr 123/2010. Í deiliskipulagi verður einnig gerð grein fyrir áhrifum skipulagsins á umhverfisþætti í samræmi við 5.4 gr skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Lagðar verða fyrir matsspurningar sem snúa að t.d jarðmyndunum, dýralífi, menningarminjum, ásýnd osfr og þeim svarað.

8. Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við deiliskipulagið verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

Helstu samráðsaðilar:

- Skipulagsstofnun
Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun við upphaf vinnu við deiliskipulag í samræmi við skipulagslög nr 123/2010
- Umhverfisstofnun
Leitað verður leyfis Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar sbr 61.gr laga um náttúruvernd nr 60/2013
Í vinnu við deiliskipulagið verður haft samráð við Umhverfisstofnun um útfærslur skipulagsins og metið á staðnum lega stíga ofl sem skipulagið gerir ráð fyrir.
- Náttúrufræðistofnun Íslands
Leitað verður umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands.
- Heilbrigðiseftirlit
- Minjastofnun
- Vegagerðin
- Viðeigandi nefndir og deildir Garðabæjar

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum innan skipulagssvæðisins í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi í Ráðhúsi Garðabæjar og ver aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins . www.gardabaer.is

Áður en tillagan að deiliskipulagi verður afgreidd í lögbundið auglýsingar – og kynningarferli verður tillagan kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

8. Ferli verkefnisins

Mögulegur tímarammi deiliskipulagsins:

Jan-Mars 2019	Skipulagslýsing unnin, samþykkt í bæjarstjórn og kynnt að höfðu samráði við Umhverfisstofnun
	Eftir að lýsingin hefur verið afgreidd af skipulagsnefnd og bæjarstjórn verður hún auglýst og mun skipulagslýsingin liggja frammi í Ráðhúsi Garðabæjar og á heimasíðu sveitarfélagsins

Nóv-Apríl 2019	Unnið að drögum að deiliskipulagi í samráði við hagsmunaaðila, skipulagsnefnd, umhverfisnefnd og skipulagsstóra Garðabæja. Byrjað að skrifa greinargerð og móta skilmála. Tillaga forkynnt og boðað til íbúafundar.
Maí 2019	Deiliskipulagið fullmótað með skipulagsupprætti, greinargerð og skilmálum. Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar og á fundi bæjarstjórnar.
Maí 2019	Tillaga að deiliskipulagi afgreidd í lögbundið auglýsingar -og kynningarferli
júní 2019	Eftir kynningarferlið, tillaga að deiliskipulagi tekin aftur fyrir á fundi skipulagsnefndar og farið yfir athugasemdir og umsagnir sem mögulega hafa borist. Tillaga að deiliskipulagi samþykkt í skipulagsnefnd og bæjarstjórn.
Júlí 2019	Deiliskipulagið sent Skipulagsstofnun sem hefur allt að þrjár vikur til að afgreiða málið. Að því loknu öðlast deiliskipulagið gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

10. Samþykkt lýsingar

Skipulagslýsing þessi er unnin samkvæmt 40. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í Bæjarstjórn Garðabæjar þann:

_____ 2019
